

Háskóli Íslands
Berist til: Silju Báru Ómarsdóttur, rektors
Sæmundargötu 2
102 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2026

Efni: Áskorun um úrbætur á reikningsskilum Endurmenntunar Háskóla Íslands (EHÍ) og kröfu um fullnægjandi fjárhagslegan aðskilnað

Vísast til fyrra erindis Félags atvinnurekenda (FA) til háskólans, dags. 26. janúar 2026. Í því bréfi var skorað á háskólann að fylgja leiðbeiningum Samkeppniseftirlitsins (SKE) frá 28. nóvember 2025 og hinum skýru og afdráttarlausu tilmælum menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins (MNH) sem ráðuneytið staðfesti með erindi dags. 23. janúar 2026 að hefðu verið send háskólanum, um fjárhagslegan aðskilnað samkeppnisrekstrar frá öðrum rekstri.

FA vísar sömuleiðis til svarbréfs rektors, dags. 28. janúar 2026, þar sem fram kom að Endurmenntun HÍ (EHÍ) undirbyggi í samstarfi við háskólann birtingu skýrslu til að bregðast við leiðbeiningum SKE og að sú skýrsla yrði birt á heimasíðu EHÍ í mars 2026, að lokinni kynningu fyrir stjórn EHÍ og rektor HÍ. Þá kom jafnframt fram að birt hefði verið yfirlýsing á heimasíðu EHÍ þess efnis að rekstur EHÍ byggði eingöngu á eigin tekjum og nyti engra opinberra fjárframlaga.

Í framhaldi af því erindi og loforði rektors fagnar FA því að HÍ hafi nú í fyrsta sinn birt sérstakt rekstraryfirlit EHÍ vegna ársins 2025. FA telur hins vegar sýnt að framsetning þess og innihald standist á engan hátt þær lögboðnu kröfur sem gerðar eru til fjárhagslegs aðskilnaðar opinberra háskóla.

I. Málsvik

Háskóli Íslands rekur Endurmenntun HÍ (EHÍ) sem starfar við sölu á opnum námskeiðum og endurmenntun í samkeppni við einkaaðila. HÍ hefur nýverið birt rekstraryfirlit EHÍ fyrir árið 2025. Rekstraryfirlitið sýnir einungis rekstrartekjur og -gjöld EHÍ en inniheldur engan efnahagsreikning. Samkvæmt skýringum með yfirlitinu voru námsgjaldtekjur færðar til lækkunar á árinu vegna breyttrar bókunaraðferðar (frestunar á tekjufærslu á milli ára) sem leiddi til þess að bókfært tap EHÍ nam 107,2 milljónum króna árið 2025. Jafnframt er tilgreint í skýringum að „uppsöfnuð staða Endurmenntunar í bókhalda HÍ“ hafi verið 171 milljón króna í ársbyrjun 2025, án þess að frekari útskýringar eða sundurliðun á því fjárstreymi fylgi með.

II. Skortur á efnahagsreikningi brýtur gegn kröfum um fjárhagslegan aðskilnað

Samkvæmt 1. mgr. 14. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 ber opinberum aðilum sem stunda samkeppnisrekstur að halda bókhalda samkeppnisstarfseminnar skýrlega aðskildu frá öðrum rekstri sínum. Í mótaðri framkvæmd Samkeppniseftirlitsins og samkvæmt leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins frá 1997 er skýr krafa gerð um að samkeppnisdeild sé rekin sem sjálfstæð efnahagsleg eining með fullbúnum ársreikningi sem inniheldur bæði rekstrar- og efnahagsreikning.

Með því að birta einungis rekstraryfirlit án efnahagsreiknings er ómögulegt að sannreyna raunverulega eiginfjárstöðu EHI, eignir rekstrareiningarinnar eða skuldir gagnvart móðurstofnuninni. An efnahagsreiknings er ekki hægt að útiloka að eignir eða tæki sem nýtt eru í samkeppnisrekstri séu eignfærð og afskrifuð í aðalbókhaldi HÍ á kostnað ríkissjóðs, eða að EHI njóti óbeinnar fjármögnunar eða vaxtalausra lánsreikninga frá háskólanum.

Sérstaklega er bent á að sú almenna yfirlýsing sem birt var á heimasíðu EHI, þess efnis að rekstur EHI byggji eingöngu á eigin tekjum og nyti engra opinberra fjárframlaga, er einmitt af þeirri tegund sem Samkeppniseftirlitið taldi í leiðbeiningum sínum frá 28. nóvember 2025 ekki nægja til að sýna fram á fullnægjandi fjárhagslegan aðskilnað. SKE tók skýrt fram að fullyrðing ein og sér á heimasíðu háskóla veiti almenningi ekki upplýsingar um hvort og þá hvernig aðskilnaðinum sé raunverulega háttað.

Þessi framsetning kemur því í veg fyrir það gagnsæi sem lögum er ætlað að tryggja og Samkeppniseftirlitið hefur ítrekað að sé forsenda þess að kvaðir um fjárhagslegan aðskilnað teljist uppfylltar.

III. Ógagnsæi við skiptingu á sameiginlegum kostnaði og innri viðskiptum

Meginreglan um samkeppnislegt hlutleysi opinberra aðila kveður á um að samkeppnisstarfsemi skuli bera allan þann kostnað sem hlýst af rekstri hennar, bæði beinan og óbeinan. Sameiginlegum kostnaði móðurstofnunar og samkeppnisdeildar (t.d. vegna húsnæðis, tölvukerfa, stjórnáslu og stöðþjónustu) verður að skipta á grundvelli fulls kostnaðar og skulu öll innri viðskipti verðlögð á markaðskjörum, sbr. kafla 2.4 í leiðbeiningum fjármálaráðuneytisins frá 1997. Í hinu birta rekstraryfirliti EHI 2025 er ekkert gagnsæi um þessa skiptingu. Engir kostnaðarskiptingarlyklar eru birtir eða skýringar um hvernig greitt er fyrir afnot EHI af fasteignum HÍ, kerfum eða stjórnunarþjónustu. Sömuleiðis liggur ekki fyrir hvort vinnan við kennslu fastráðinna kennara HÍ sé að fullu gjaldfærð á markaðsvirði hjá EHI. Þá sýnir hin óútskýrða „uppsafnaða staða“ upp á 171 milljón króna og hið mikla bókfærða tap vegna tekjufrestunar að fjárhagur EHI og HÍ er enn samofinn. Þetta vekur ríkar grunsemdir um að krossniðurgreiðslur eigi sér stað úr ríkissjóði, sem brýtur í bága við 2. mgr. 21. gr. laga nr. 63/2006 um háskóla.


Vakin er athygli á því að á vegum HÍ starfa fremstu sérfræðingar landsins á sviði samkeppnisréttar og reikningsskila. Það ætti því að vera háskólanum létt verk að nýta þá ríku innanhússþekkingu sem hann hefur á að skipa til þess að tryggja að samkeppnisstarfsemi hans uppfylli lögbundnar kröfur og skaði ekki einkarekna samkeppnisaðila á frjálsum markaði.

IV. Niðurlag

Í ljósi framangreinds er það krafa FA, í samræmi við tilmæli MNH frá 23. janúar 2026 og leiðbeiningar SKE, að HÍ bæti úr reikningsskilum EHI vegna ársins 2025 með því að:

1. Birta fullbúinn ársreikning EHI fyrir árið 2025, þar með talinn efnahagsreikning.
2. Leggja fram skriflega greinargerð um þá aðferðafræði og kostnaðarskiptingarlykla sem notaðir eru við skiptingu á sameiginlegum kostnaði HÍ og EHI.
3. Veita fullnægjandi skýringu á því í hverju „uppsöfnuð staða“ upp á 171 milljón króna í bókhaldi HÍ er fólgin.

Virðingarfyllst,


Ásdís Eir Guðmundsdóttir
Lögfræðingur FA

Afrit sent á: Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið og Samkeppniseftirlitið